

Land og skógur  
Gunnarsholt  
851 Hella

Garðabær, 10. apríl 2024  
Málsnúmer: 202402-0087  
SS

## Efni: Ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi endurskoðun stuðningskerfis landgræðslu og skógrækt.

Vísað er í tölvubréf frá Landi og Skógi, dags. 27. febrúar 2024, þar sem kallað er eftir ábendingum um áformaða endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi stuðningskerfa í landgræðslu og skógrækt.

Náttúrufræðistofnun fagnar að stefnt sé að endurskoðun stuðningskerfanna og að sérstaklega eigi að horfa til þess að þau styðji við stefnu stjórnvalda á sviði loftslagsmála og verndunar líffræðilegrar fjölbreytni. Þakkað er fyrir veittan frest á að skila ábendingum.

Náttúrufræðistofnun telur sérstaklega mikilvægt að stuðningskerfin styrki betur markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Ærið tilefni er til að útfæra leiðir á þessum vettvangi til að styðja við markmið Íslands um að takast á við þá miklu áskorun sem hnignun líffræðilegrar fjölbreytni er á heimsvísu. Þá skiptir æ meira máli að finna betra jafnvægi og samlegð í aðgerðum til að takast á við þessa hnignun og loftslagsvána. Þessar tvær stærstu umhverfisáskoranir samtímans verður að takast á við í samhengi og forðast ber að aðgerðir í þeim efnum vinni gegn hvor annari.

Markvissasta leiðin til þess að innleiða betur áherslur um líffræðilega fjölbreytni í stuðningskerfi landgræðslu og skógrækt væri að skilgreina sérstakan flokk innan stuðningskerfisins þar sem áherslan er á verkefni sem hafa það að lykilmarkmiði að vernda líffræðilega fjölbreytni í samspili við aðgerðir í landgræðslu og skógrækt. Slík verkefni geta verið af ýmsum toga og átt sér stað í ýmsum vistkerfum þar sem verið er að huga að endurheimt vistkerfa og landgæða. Mælt er með að skoða hvernig slíkur séflokkur stuðningskerfisins gæti verið útfærður frekar.

Að öðrum kosti má aðlaga þau verkefni sem eru í notkun í dag og þá ætti að setja aukinn slagkraft í þau verkefni þar sem augljósast er að finna samlegð við markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Það á hvað best við um verkefni er varða endurheimt vistkerfa. Endurheimtin felur í sjálfu sér að verið er að styrkja stöðu líffræðilegrar fjölbreytni. Það á við um endurheimt vistkerfa af ýmsum toga s.s. votlendis, graslendis, mólendis og náttúrulegra skóga. En jafnframt má skoða betri samlegð við aðgerðir í náttúruvernd. Skilgreina mætti sérstaklega aðgerðir og markmið sem fela í sér verndun á t.d. óröskuðum eða lítt röskuðum svæðum sem eru aðliggjandi eða nálæg svæðum þar sem endurheimtaraðgerðir eiga sér stað og sem hafa verndargildi. Verndun þeirra myndi í senn styrkja árangur endurheimtarinnar og fela í sér aukin jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Sem dæmi gætu búsvæði fuglategunda eflst við slíkt samspil endurheimtar og verndunar. Hér á landi vantar tilfinnanlega hvatakerfi fyrir



náttúruvernd sem felur í sér þátttöku t.d. landeigenda. Samspil við stuðningskerfi landgræðslu og skógræktar er öflugt tækifæri til þess og full ástæða til að útfæra það nánar í samstarfi við stjórnvöld sem fara með skipulag og framkvæmd náttúruverndar.

Fleiri dæmi um samspil endurheimtarverkefna við aðgerðir sem eru í þágu líffræðilega fjölbreytni mætti skoða. Þar má nefna sem dæmi samspil við úrbætur í ástandi vatnshlota sem eru í nánnum tengslum við svæði þar sem endurheimt votlendis á sér stað. Slíkar úrbætur geta t.d. tengst fráveitukerfum, náttúrulegum lausnum á rennsli yfirborðsvatns, vatnsmiðlunaðgerðum, framkvæmdum til að styrkja fiskistofna o.fl. Skoða mætti samræmingu við aðgerðir sem skipulagðar, framkvæmdar og fjármagnaðar eru á vettvangi Vatnaáætlunar í tengslum við innleiðingu Vatnatilskipunar Evrópusambandsins.

Aukinn slagkraftur fyrir slík samlegðarverkefni getur falið í sér að setja meira fjármagn í verkefni. Það getur verið fjármögnun verkefna sem þegar eru skilgreind, t.d. stuðningskerfi fyrir endurheimt votlendis, endurheimt birkivistkerfa, Bændur græða landið o.fl. Einnig getur verið um að ræða aðlögun matskerfis fyrir umsóknir þannig að verkefni sem fela í sér meiri samlegð við markmið um líffræðilega fjölbreytni njóta ágóða af því í matsferlinu. Þess konar matskerfi þarf að ígrunda vandlega og skilgreina þarf góða mælikvarða. Þar þarf bæði að leggja mat á hvort og hvernig verkefni fela í sér ágóða fyrir líffræðilega fjölbreytni en einnig hvort einhver hættu sé á að verkefni geti ógnað líffræðilegri fjölbreytni og draga úr stuðningi við þau. Val á tegundum í landgræðslu eða skógrækt getur t.d. haft neikvæð áhrif á tegundir sem fyrir eru á tilteknum svæðum. Til dæmis á trjárækt eða notkun stórgerðra landgræðsluplöntutegunda ekki við alls staðar, s.s. þar sem þéttleiki mófugla sem verpa á opnum svæðum er mjög hár<sup>1</sup> eða þar sem sjaldgæfar plöntutegundir er að finna sem þrífast best í frekar gisnum gróðurlendum t.a.m. á jarðhitasvæðum. Mikilvægt er að verkefni sem verið er að meta fyrir mögulegan stuðning sé hægt að meta með tilliti til staðbundinna áhrifa á líffræðilega fjölbreytni.

Þegar kemur að beitingu styrkjakerfisins í þágu loftslagsmála er nauðsynlegt að horfa til þess að nýlegar rannsóknir sýna að meta þurfi fleiri þætti en eingöngu kolefnisbindingu þegar kemur að skógrækt sem mótvægisáðgerð í loftslagsmálum. Þar sem skógur dregur í sig meiri sólargeislun en opið land getur skógrækt leitt til staðbundinnar og hnattrænnar hlýnunar. Á norrænum slóðum sérstaklega, draga þessi áhrif verulega úr eða jafnvel vinna á móti kælingaráhrifum aukins kolefnisforða í skógum<sup>2</sup>.

Eðlilegt væri því að taka tillit til þessara áhrifa þegar kolefnisbinding í barrskógi er metin sem aðgerð til að sporna við hlýnun.

Fleiri atriði væri æskilegt að innleiða inn í styrkjakerfi landgræðslu og skógræktar. Þar má nefna atriði er tengjast markmiðum um verndun landslags, þ.m.t. menningarlandslags, jarðminja – einkum með tilliti til sýnileika þeirra og mögulegrar áhættu vegna rasks -, vistkerfisþjónustu af ýmsum toga o.fl.

---

<sup>1</sup> Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., et al. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology* 59, 10 (2022).

<https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

<sup>2</sup> Hasler, N., Williams, C.A., Denney, V.C. et al. Accounting for albedo change to identify climate-positive tree cover restoration. *Nat Commun* 15, 2275 (2024). <https://doi.org/10.1038/s41467-024-46577-1>

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekara og ítarlegra samtals við Land og Skóg um þessi atriði sem hér hafa verið nefnd sem og fleiri viðfangsefni er málið varðar og tengjast fagsviði stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

*Eydís Línal Finnbogadóttir*

Eydís Línal Finnbogadóttir  
Forstjóri

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

